

Föstudaginn 15. maí 1970.

Nr. 139/1969. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Finnboga Péturssyni og gagnsök**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Skaðabótamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1969. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. janúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. desember 1969. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 140.188.00 með 7% ársvöxtum frá 12. júní 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi. Orsakir slyss gagnáfrýjanda verða að meginhluta raktar til ölvunar og ógætni hans sjálfs, en hins vegar sýndi lögreglumaðurinn ekki fyllstu aðgæzlu. Þegar litið er til allra málavaxta, þykir rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt, sem er hæfilega metið í héraðsdómi, að  $\frac{3}{4}$  hlutum sjálfur, en aðaláfrýjandi bæti honum það að  $\frac{1}{4}$  hluta. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 26.335.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00.

### **Dómsorð:**

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Finnboga Péturssyni, kr. 26.335.00 með 7% ársvöxtum frá 12. júní 1964 til 1. janúar 1965, 6%

árvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% árvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1969.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., hefur Finnboði Pétursson, Laugavegi 72 hér í borg, höfðað með stefnu, birtri 12. júní 1968, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 140.188.00 með 8% árvöxtum frá 18. september 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins, en til vara, að stefnukröfurnar verði verulega lækkaðar, en málskostnaður í því tilfelli látinn niður falla.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum svo:

„Hinn 18. september 1962 var stefnandi tekinn af lögreglunni í Reykjavík inni í Álfheimum hér í borg vegna ölvunar. Var farið með stefnanda í fangageymslu lögreglunnar í Síðumúla. Þar var stefnandi settur til geymslu í klefa nr. 17. Er stefnandi hafði verið nokkra stund í klefanum, þurfti hann að gera þarfir sínar, en þá reyndist bjöllumerki klefans vera óvirkt, enda hafði það verið tekið úr sambandi. Tók þá stefnandi að kalla á fangavörðinn og varðstjóran. Eftir stutta stund kom fangavörðurinn, Þórir Þorsteinsson, og tjáði þá stefnandi honum, hvers hann þyrfti með. Fangavörðurinn sinnti ekki beiðni stefnanda að fá að fara á salerni, en skellti í þess stað aftur hurðinni á fangaklefanum, en við það lenti baugfingur hægri handar stefnanda á milli hurðarinnar og dyrastafsins. Stefnandi var strax fluttur á slyssavarðstofuna, þar sem gert var að meiðslum hans“.

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann 20. september 1962. Hefur hann skýrt þar svo frá, að hann hafi verið að ganga eftir götunni inni í Álfheimum laust eftir miðnætti umrædda nótt. Hann kveðst hafa verið eitthvað drukkinn, en vel ferðafær og hafi ekki haft í frammi hávaða eða nokkurt hneykslanegt athæfi. Hann kveðst hafa mótmælt handtökunni, þar sem hann hafi talið, að ekki væri ástæða til fyrir lögregluna að skipta sér af sér, en lögregluþjónarnir hafi drifið hann inn í lögreglubifreiðina og ekið með hann þeint að fangageymsl-

unni í Síðumúla. Hann hafi þó ekki verið settur í handjárn. Þegar í fangageymsluna kom, hafi hann verið leiddur fyrir varðstjórann, Matthías Sveinbjörnsson. Muni varðstjórinn sennilega hafa gefið þann úrskurð, að stefnandi skyldi settur í fangaklefa, enda hafi verið farið þegar með hann þangað. Þegar stefnandi hafði verið nokkra stund í fangaklefanum, kveðst hann hafa orðið þess var, að hann þurfti að ganga örna sinna. Hann hafi því æpt, eins hátt og hann gat, á fangavörðinn og varðstjórann, þar sem bjöllukerfið var ekki í lagi. Eftir stundarbið hafi fangavörðurinn, Þórir Þorsteinsson, komið og opnað hurðina og stigið inn í klefann. Kveðst stefnandi þá hafa tjáð fangaverðinum, að hann þyrfti að komast á salerni til þess að leysa buxur sínar. Fangavörðurinn hafi hins vegar „röflað og rífið kjaft“, en stefnandi kveðst áður hafa verið búinn að kalla út úr klefanum, að hann mundi gera þarfir sínar á klefagólfið, ef hann fengi ekki að fara á salernið. Þegar fangavörðurinn gerði sig ekki líklegan að fara með stefnanda á salernið, kveðst stefnandi hafa ætlað út úr klefanum, en þá hafi fangavörðurinn skellt aftur hurðinni og hafi haugfingur hægri handar hans þá lent á milli hurðarinnar og dyrastafsins þeim megin, sem lamirnar eru. Við þetta kveðst stefnandi hafa rekið upp skerandi neyðaróp og hafi hurðin þá strax verið opnuð. Stefnanda var strax ekið á slysavarðstofuna, og þar var gert að meiðslum hans, eftir því sem tók voru á. Dvaldist stefnandi þar í sjúkraklefa það sem eftir var nætur og daginn eftir.

Þórir Þorsteinsson lögregluþjónn, sem gegndi starfi fangavarðar í fangageymslunni við Síðumúla umrædda nótt, ritaði samdægurs skýrslu um atburð þennan. Í skýrslu þessari segir m. a.:

„Þriðjudaginn 18/9 1962 var ég undirritaður fangavörður við fangageymsluna við Síðumúla. Kl. 01.40 var komið með *Finnboga Pétursson, til heimilis Laugavegi 165*. Var Finnbogi allmikið ölvaður og æstur. Finnbogi var færður í klefa nr. 17 af lögregluþjóni nr. 98 og undirrituðum. Er undirritaður var á eftirlitsferð kl. 02.20 og kíkti á Finnboga, sá ég þá, hvar hann hafði leyst niður um sig buxurnar, og hugðist hanna ganga örna sinna á klefagólfið. Opnaði undirritaður þá klefann og spurði Finnboga, af hverju hann bæði mig ekki að fá að fara á klósettið. Sagði Finnbogi mér að halda kjafti, hann ætlaði bara að ganga örna sinna á gólfið. Allt í einu stekkur Finnbogi á hálfopna klefahurðina hjá mér, og er ég hugðist láta aftur hurðina, varð einn fingur Finnboga á milli. Varð Finnbogi á milli ramma í dyrakarmi og hurðarinnar lamamegin“.

Þórir Þorsteinsson lögregluþjónn hefur í skýrslu hjá rannsóknar-arlögreglunni þann 21. september 1962 skýrt svo frá, að hann hafi verið í nokkur skipti fangavörður í fangageymslunni við Síðumúla í forföllum fangavarðarins og umrædda nótt hafi hann gegnt því starfi. Hann segir, að stefnandi hafi verið látinn í fangaklefa nr. 17 kl. 0140 um nóttina. Hann hafi verið mjög drukkinn og æstur og hafi lögregluþjónninn Björn Sigurðsson hjálpað honum til að láta stefnanda inn í klefann. Hann segir, að menn þeir, sem voru í fangaklefanum umrædda nótt, hafi verið mjög órólegir, og sérstaklega minnst hann Grænlendings, sem hafi verið tekinn vegna ölvunar. Hafi Grænlandingurinn sparkað í klefaveggina og æpt og hljóðað stanzlaust. Hafi Græn-landingurinn verið settur í járn og muni hafa verið búinn að gera það, um það leyti sem stefnandi kom inn, en Grænlandingurinn hafi haldið áfram að öskra eftir sem áður. Þórir kveðst hafa verið á stöðugri ferð um gangana og litið inn um gægjugötin á klefunum og fylgzt á þann hátt með föngunum. Einnig minnst hann þess, að hann færði þó nokkuð mörgum vatn á þessum tíma. Hann minnst þess ekki á þessum tíma, að hann hafi heyrt stefnanda kalla til sín eða varðstjórans, en kveðst ekki geta sagt um fyrir víst, hvort stefnandi hafi æpt á þessum tíma, því að óp og óhljóð hefðu komið frá svo mörgum klefum. Þórir kveðst muna, að hann leit nokkrum sinnum inn um gægjugatið á klefa stefnanda. Hafi stefnandi þá setið á fletinu og bölvað lögreglunni, en Þórir kveðst ekkert hafa gefið sig frekar að því. Í einni eftirlitsferðinni, um kl. 0220, kveðst Þórir hafa kíkt inn um gægjugatið á klefa nr. 17. Hafi stefnandi þá staðið upp við einn klefavegginn og var búinn að leysa niður um sig brækurnar og var að setjast niður á hækjur sínar. Kveðst Þórir hafa þá opnað klefahurðina, sem fellur út, og litið inn í klefann og spurt stefnanda eitthvað á þá leið, hvað þetta ætti að þýða. Stefnandi hafi þá sagt, að hann ætlaði að gera þarfir sínar á gólfið, því að hann fengi ekki að fara á salerni. Þórir kveðst þá hafa boðið stefnanda að koma á salerni, en stefnandi hafi neitað því og sagzt bara mundu ganga örna sinna á klefagólfið. Kveðst Þórir þá hafa sagt eitthvað á þá leið, að stefnandi skyldi fá að þrifa það upp sjálfur, en stefnandi hafi þá sagt Þóri að halda kjaffi, en um leið hafi stefnandi hysjað upp um sig buxurnar og stokkið á hurðina, en Þórir, sem stóð að utanverðu við hurðina, kveðst þá hafa ýtt á hana og þar með ætlað að loka klefanum, þar sem hann vildi ekki fara að eiga þarna einn í stimpingum við stefnanda, enda

hafi það verið venja, að tveir menn færðu fanga á milli, sérstaklega ef um mjög ölvaða og æsta menn var að ræða. Áður en hurðin féll að stöfum, kveðst Þórir hafa fundið, að eitthvað var fyrir henni. Tók hann þá hurðina strax að sér aftur, og kom þá í ljós, að stefnandi hafði lent með haugfingur hægri handar milli hurðarinnar, hjaramegin, og ramma í dyrakarminum, sem sé úr jární og allhvass. Segir Þórir, að stefnandi hafi upphaflega komið á því sem næst miðja hurðina og muni svo sennilega sökum ölvunar hafa runnið til í áttina að hjörunum og þá gripið með hendinni í hurðarbrúnina.

Lögregluvarðstjórinn, Matthías Sveinbjörnsson, hefur í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann 20. september 1962 skýrt svo frá, að hann hafi athugað ástand stefnanda, þegar hann var færður í fangageymsluna við Síðumúla umrædda nótt. Kveðst varðstjórinn hafa ákveðið, að stefnandi yrði settur í fangaklefa til geymslu yfir nóttina. Stefnandi hafi verið mikið drukkinn, í æstu skapi og leiðinlegur, en það sé hann vanalega, þegar hann sé drukkinn. Eftir að stefnandi hafði verið látinn í fangaklefann, kveðst varðstjórinn hafa verið inni á skrifstofu sinni og setið þar við skriftir. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvort bjöllukerfi tilheyrandi klefa nr. 17 var í sambandi umrædda nótt.

Stefnandi styður kröfur sínar í málinu þeim rökum, að tildrög slyssins verði rakin til mistaka af hálfu fangavarðar þess, sem hafði með stefnanda að gera í umrætt skipti. Fangavörðurinn hafi ekki sýnt þá aðgæzlu, sem nauðsynleg sé gagnvart ölvuðum mönnum. Fangavörðurinn hafi skellt hurðinni á stefnanda. Þetta hafi verið mjög óvarlegt, eins og á stóð. Undir þessum kringumstæðum hafi fangavörðurinn átt að sýna sérstaka aðgæzlu gagnvart stefnanda. Stefnandi telur auk þess, að hann hafi verið beittur óþarfa harðræði, þar sem honum hafi verið meinað að fara á salerni. Þá telur stefnandi jafnframt, að hurðarbúnaður í umræddum klefa sé ekki forsvaranlegur og að mörgu leyti stórhættulegur, þar sem bæði hurðin og dyrakarmurinn sé úr jární og auk þess all hvass. Stefnandi beri ábyrgð á þessum framangreindum mistökum fangavarðarins og hinum óforsvaranlega hurðarbúnaði. Beri því að taka kröfur hans til greina.

Stefndi styður nú kröfu sína um sýknu fyrst og fremst þeim rökum, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á óförum sínum. Verði hann því sjálfur að bera tjón sitt. Stefnandi hafi beinlínis sýnt mótspyrnu við fangavörðinn, svo sem með því að ætla að hindra fangavörðinn í því að loka klefadyrunum. Þetta hefði þó ekki

komið að sök, ef stefnandi hefði látið nægja að ýta eða leggjast á hurðina. Stefnandi hafi hins vegar um leið tekið annarri hendi inn í dyrafalsið, sem hafi verið óðs manns æði, þar sem fangavörðurinn hafi ekki getað fundið eða vitað um það utan frá og alls ekki reiknað með slíku. Lögreglumanninum verði því ekkert til saka fundið í þessu sambandi. Stefnandi geti hér engu um kennt nema sjálfum sér og því bersýnilega hættulega tiltæki að grípa hendinni inn í falsið, um leið og verið var að loka hurðinni utan frá. Jafnvel þótt rétt væri, að stefnandi hafi þurft að ganga til salernis, sem að vísu hafi ekki reynzt annað en fyrirsláttur, þá segi það sig sjálft, að ekki hefði nein fyrirstaða verið á slíku af lögreglunnar hendi. Stefnandi hafi líka haft uppi tilburði um að ráða fram úr þessum hlutum án þess að fara út úr klefanum. Þetta atriði málsins hafi því enga þýðingu sem málsástæða. Í öðru lagi hefur stefndi algerlega mótmælt því, að hurðarútbúnaðurinn sé á nokkurn hátt athugaverður eða hættulegur umfram það, sem slíkur útbúnaður er og hljóti ávallt að vera, enda hafi stefnandi ekkert sannað í því efni. Í þriðja lagi heldur stefndi því fram, að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir aðgerðarleysi, ef hún hefur einhvern tíma verið fyrir hendi. Í því sambandi bendir stefndi á það, að stefnandi hafi strax 20. september 1962 í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni krafizt skaðabóta vegna meðferðarinnar í fangageymslunni. Stefnandi hafi látið það mál niður falla og ekki hafizt handa á ný, fyrr en lögmaður hans ritaði stefnda bréf, dags. 18. apríl 1968, og hafi síðan höfðað mál þetta með birtingu stefnu þann 12. júní 1968. Eigi verði talið, að stefnandi hafi komið fram með frambærilega ástæðu eða gefið skýringu fyrir þessum langa drætti á málshöfðun. Slíkt aðgerðarleysi feli í sér fráfall allra hugsanlegra kröfugerða, hvernig svo sem annars kynni að vera litið á hinar formlegu fyrningarreglur í þessu sambandi. Þá bendir stefndi á í sambandi við lækkunarkröfu sína, að eigi geti leikið á því vafi, að stefnandi hafi sýnt af sér svo gálaust atferli, að hann verði að minnsta kosti að bera sjálfur meginhluta sakar á ófarnaði sínum.

Kröfur um bætur, slíkar sem í máli þessu er um fjallað, fyrnast á 10 árum, sbr. 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905. Eigi verður á það fallizt með stefnda, að stefnandi hafi þrátt fyrir síðbúna málsókn fyrirgert rétti til bóta vegna aðgerðarleysis. Kemur þessi málsástæða stefnda því ekki að haldi.

Dómendur hafa kynnt sér dyraumbúnað fangaklefa þess, er um ræðir hér að framan. Hurðarkarmurinn er úr járnri. Járnlisti

er á honum að ofan og til beggja hliða, og myndar listinn hurðarfals. Listi þessi er um 2 cm á breidd og 2 cm á þykkt. Hvassar brúnir eru á listanum. Hurðin er allþykk, járnslégin á báðar hliðar. Er dyraumbúnaður þessi rammger og bersýnilega hættulegur, ef um mótþróa er að ræða hjá fanga við dyrnar, í þann mund er hurð er felld að stöfum. Eigi verður þó talið, að dyraumbúnaður sé óeðlilega hættulegur eða óforsvaranlegur á slíkum stað.

Nokkru áður en slysið varð, hafði stefnandi verið lokaður inni í umræddum klefa. Svo sem áður er rakið, hafði hann verið tekinn vegna ölvunar og færður í fangageymsluna. Stefnandi hafði reiðzt handtökunni, sem hann taldi ástæðulausa. Hafði hann sýnt mótþróa og var í æstu skapi. Að svo vöxnu máli mátti fangavörðurinn, sem hér átti hlut að, vænta óeðlilegra viðbragða af hálfu stefnanda, er hann opnaði klefadyrnar umrætt sinn, meðal annars að stefnandi mundi leita fast á um útgöngu úr klefanum. Sú varð og raunin. Brást fangavörðurinn á þann hátt við að loka á stefnanda hurðinni til að firra sig stympingum við hann. Telja verður, að þetta hafi verið ógætileg viðbrögð hjá fangaverðinum og hættuleg, eins og á stóð, en honum bar að kosta kapps um að bregðast á þann veg við mótþróa stefnanda, að hann yrði eigi fyrir meiðslum. Má rekja slysið að nokkru til þessarar vangæzlu fangavarðarins.

Á hinn bóginn verður slysið og rakið til þess framferðis stefnanda að freista útgöngu úr klefanum á þann hátt, sem að framan er lýst, án þess að sjást fyrir um öryggi sitt þrátt fyrir auðsæja hættu við klefadyrnar.

Þegar litið er til allra málavaxta, þykir rétt, að stefndi beri fébótaábyrgð að hálfu á tjóni stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

- |  |               |
|--|---------------|
| 1. Vinnutekjutap vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku . . . . . | kr. 84.848.00 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar, varanleg óþægindi og lýti . . . . .        | — 50.000.00   |
| 3. Kostnaður við örorkumat, bótaútreikning o. fl. —                  | 5.340.00      |

---

Kr. 140.188.00

*Um kröfulið 1.*

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku stefn-

anda. Er álitserð læknisins, sem dagsett er 5. janúar 1968, svohljóðandi:

„Slasaði var fluttur á slyssavarðstofuna, og það liggja fyrir 2 vottorð Tryggva Þorsteinssonar, læknis þar, hið fyrra dags. 5/10 1962 og hið síðara 4. des. 1962. Þessi vottorð eru svohljóðandi:

„Aðfaranótt 18. sept. 1962, kl. 2.45, var komið með Finnboga Pétursson, til heimilis Laugavegi 165, Reykjavík, hingað á slyssavarðstofuna vegna meiðsla á haugfingri hægri handar.

Finnbogi kom í fylgd lögregluþjóna frá Síðumúla og hafði klemmt þar í hurðarfalsi skömmu fyrir komuna hingað. Var Finnbogi talsvert undir áhrifum áfengis.

Við rannsókn fannst eftirfarandi: Marið og rifið (contunderað) sár á 4ða fingri hægri handar, sem gengur spíral-laga frá nærkjúkulið (proximal interphalangeallið) radíalt fram fingurinn volart og dorsalt að fjærkjúkulið (dist. interphalangeal lið) ulnart, og þar hangir kjúkan á dálitlum holdflipa. Kjúkan er brotin aðeins dist. við miðju, og sjást lausar beinflisar í brotendum. Stendur kjúkan þer í sárinu. Gómhluti fingursins er mjög kraminn, og naglbeður klesstur. Rtg.mynd var tekin af fingrinum, og staðfesti hún aðeins það, sem sást með klíniskri skoðun.

Vegna þrábeiðni Finnboga var fingurinn ekki amputeraður, enda þótt það yrði að teljast óhjákvæmilegt frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Sagðist Finnbogi aldrei samþykkja það að láta taka framan af fingrinum.

Var sett gips á höndina og gefið antibiotica, Finnbogi síðan lagður inn hér á slyssavarðstofuna. Fór hann heim 2 dögum síðar og var settur á antibiotica.

Við skiptingu á fingrinum þ. 26. 9. var augljóst, að fingrinum yrði ekki bjargað, og ákveðið að amputera 2 dögum síðar. Þann 28. 9. var tekið framan af fingrinum, og reyndist nauðsynlegt að taka upp við nærkjúkulið (prox. interphalang. lið), til að hægt væri að þekja yfir með nægilegu holdi.

Fingurinn lítur nú eftir atvikum vel út, en of snemmt er að segja, hvenær sárin verða að fullu gróin. Ekki er heldur hægt að segja um, hvenær Finnbogi verður vinnufær aftur.

Vottorð þetta er skrifað skv. beiðni Jóhannesar Lárussonar lögfræðings“.

„4/12 1962.

Viðbótarvottorð fyrir Finnboga Pétursson, Laugavegi 165, Reykjavík.

Af gefnu tilefni get ég undirritaður vottað eftirfarandi:

Þann 20. 9. '62 skýrði Finnbogi Pétursson mér frá því, að snúið hefði verið upp á vinstri handlegg sinn í sambandi við átök við lögregluþjón kvöldið, er hann slasaðist (aðfaranótt 18. 9. '62). Var Finnbogi stirður og aumur í upphandlegg og aftan á olnboga. Hliðarlyfting (abduction) á handlegg var minnkuð, stirð og sársaukafull. Ekki þótti ástæða til að rannsaka handlegginn frekar. Þess má geta, að Finnbogi mun hafa handleggsbrotnað á vinstri upphandlegg árið 1958“.

Slasaði hefur nokkrum sinnum á undanförunum árum komið til viðtals hjá undirrituðum, bæði vegna þess slyss, er hér um ræðir, svo og vegna alls almenns heilsufars og umsókna um örorkubætur hjá Tryggingastofnun ríkisins, en hann hefur notið örorkubóta þar á tímabilinu frá 1959—1962 og aftur síðan 1963 og nýtur fullra örorkubóta þar nú. Ástæðan fyrir örorkubótum hans upphaflega var mikil taugaveiklun, áfengisneyzla og afleiðingar meiðsla á vinstri handlim.

Er hann slasaðist í september 1962, hafði hann ekki notið örorkubóta hjá Tryggingastofnuninni um tveggja mánaða bil og leitaði ekki eftir bótum að nýju fyrir en í júlí 1963.

Maðurinn kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum síðast hinn 29/12 1967. Hann hefur ekkert unnið undanfarna mánuði.

Sem afleiðingu meiðslisins hinn 18/9 1962 þá kvartar hann aðallega um kraftleysi í hægri hendi og óþægindi í stúf.

Skoðun: Það vantar 2 kjúkur á baugfingur hægri handar, það er vel gróið fyrir stúfinn. Hreyfing í hendinni er eðlileg.

Maðurinn upplýsir, enda þótt það komi ekki fram í vottorðum, sem fyrir liggja, að 6 mánuðum eftir slysið hafi hann verið í meðferð hjá Árna Björnssyni lækni, og gerði hann aðgerð vegna óþæginda í stúf.

Eins og fram kemur hér að framan, þá hafði maðurinn sjúkdóm í vinstri handlim vegna afleiðinga meiðslisins fyrir slysið 1962, og verður ekki talið, að kvartanir hans frá vinstri öxl nú séu í neinu sambandi við það meiðsli, er hér um ræðir.

Lýsing á ástandi mannsins að öðru leyti verður því ekki rakin hér.

Ályktun: Hér er um að ræða 53ja ára gamlan mann, sem slasaðist í fangageymslu lögreglunnar fyrir rúmlega 5 árum. Við slysið hlaut hann meiðsl á baugfingri hægri handar og missti framan af fingrinum 2 kjúkur. Nokkrum mánuðum eftir slysið þurfti að gera aðgerð til að bæta ástand slasaða vegna fingermissisins.

Fyrir slysið hafði maðurinn notið örorkubóta og nýtur örorkubóta nú.

Vegna slyssins verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tíma- bundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mánuð .. . . .	100%	örorka
Í 1 — .. . . .	50%	—
Í 1 — .. . . .	25%	—
Í 3 — .. . . .	10%	—
Í ½ — .. . . .	100%	—
Í 1 — .. . . .	50%	—
Í 1 — .. . . .	25%	—
Í 1 — .. . . .	10%	—

og síðan varanleg örorka 3%“.

Á grundvelli ofangreinds mats fékk stefnandi Þóri Bergsson tryggingafræðing til að meta örorkutjón sitt. Í álitserð tryggingafræðingsins segir m. a.:

„Finnbogi er sagður fæddur 14. júlí 1914 og hefur því verið 48 ára, þegar hann meiddist.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Finnboga árin 1960—1962 voru vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið:

Árið 1959 .. . . .	kr. 37.645.00
— 1960 .. . . .	— 46.055.00
— 1961 .. . . .	— 84.261.00

Þessara tekna mun Finnbogi hafa aflað sem málari. Ég hef því umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytinum á kauptaxta málarasveina.

Þannig umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið .. . . .	kr. 76.384.00	kr. 22.117.00
2. — — — .. . . .	— 86.455.00	— 2.594.00
3. — — — .. . . .	— 98.182.00	— 2.945.00
4. — — — .. . . .	— 117.451.00	— 3.524.00
5. — — — .. . . .	— 130.212.00	— 3.906.00
6. — — — .. . . .	— 135.431.00	— 4.063.00
Síðan árlega .. . . .	— 140.075.00	— 4.202.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku . . . . kr. 20.841.00  
 Vegna varanlegrar örorku . . . . — 36.442.00

---

Samtals kr. 57.283.00

Hér hafa verið notaðar skattframtalstekjur þriggja heilu almanaksáranna fyrir slysið. Auðséð er, að tekjur tveggja fyrri áranna eru mjög verulega lægri en síðasta árið. Kemur og í ljós, að bæði þau ár hefur Finnbogi notið örorkulífeyris. Ég hef því einnig byggt eingöngu á tekjum ársins 1961. Verða þá allar tölur 48.12% hærri, þannig að áætluð laun nú yrðu kr. 207.479.00 og vermæti vinnutekjutaps:

Vegna tímabundinnar örorku . . . . kr. 30.870.00  
 Vegna varanlegrar örorku . . . . — 53.978.00

---

Samtals kr. 84.848.00

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla fyrir árin 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Í málinu liggur frammi vottorð Tryggingastofnunar ríkisins, dagsett 3. júní 1969, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni vottast, að Finnbogi Pétursson, Laugavegi 72, f. 14/7 1914, hefir notið örorkubóta 75% frá Tryggingastofnuninni frá 1/1 1959 óslitið að undanteknum tímabilum hans á hælum og öðrum opinberum stofnunum“.

Bótakröfu sína fyrir örorkutjón byggir stefnandi á þeim útreikningi tryggingafræðingsins, sem byggður er á tekjum stefnanda á árinu 1961.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum, bæði vegna þess, að stefnandi hafi verið 75% öryrki, og auk þess sé útreikningur kröfunnar of hár. Þar við bætist, að hér sé um eingreiðslu að ræða, sem stefnandi þurfi ekki að greiða af tekju-skatt eða útsvar.

Þegar haft er í huga það, sem hér að framan hefur verið rakið, og tekið er tillit til annarra þeirra atriða, sem hér skipta máli, þá þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 60.000.00.

*Um kröfulið 2.*

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir meiðslum stefnanda og sjúkrasaga hans rakin nokkuð. Þegar virt eru meiðsli hans og afleiðingar þeirra, þykir hæfilegt að taka kröfulið þennan til greina með kr. 40.000.00.

*Um kröfulið 3.*

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið hefur ekki sætt tölu-  
legum andmælum. Hér er um að ræða nauðsynlegan kostnað við undirbúning máls þessa. Verður kostnaður þessi lagður óbreyttur til grundvallar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst tjón stefnanda nema kr. 105.340.00. Ber stefnda að greiða stefnanda helming þeirrar fjárhæðar, eða kr. 52.670.00.

Stefndi hefur mótmælt, að vextir verði dæmdir lengra aftur en frá stefnudegi.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 voru eldri vextir en 4 ár aftur í tímann fyrndir, er stefna var birt í máli þessu 12. júní 1968. Ber því að reikna upphafstíma vaxta frá 12. júní 1964, en rétt er að reikna vaxtahæðina 7% ársvexti frá 12. júní 1964 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda máls-  
kostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 11.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlög-  
manni og Indriða Níelssyni húsasmíðameistara.

**Dómsorð:**

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Finnþoga Péturssyni, kr. 52.670.00 með 7% ársvöxtum frá 12. júní 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---